



Apple TV 4 - Uppsetning

1. Stingdu því í samband við rafmagn



2. Tengdu það við sjónvarpið

Til þess þarftu venjulega HDMI snúru, en hún er seld sér.



3. Tengdu fjarstýringuna við

Pegar allt er tengt á að koma fram á skjánum: “Pair your remote”.
Smelltu á snertiflöt fjarstýringarinnar og þá ertu tengd/ur.

Ef hún tengist ekki, haltu þá Menu og Volume (+) tökkunum niðri í 2 sekúndur.

4. Veldu tungumál og uppsetningaraðferð

Smelltu á snertiflöt fjarstýringarinnar og veldu tungumál (English) og land (Ísland).

Til að klára uppsetningarferlið þarf að velja hvort það gerist

a) sjálfvirkt (Set Up with Device) eða

b) handvirkt (Set Up Manually)

Ath. Eingöngu er hægt að velja sjálfvirkt ferli ef þú átt iPhone eða iPad með iOS 9.1 eða nýrra.

a) Sjálfvirk uppsetning með iPhone eða iPad:

Ath. virkar eingöngu með iOS 9.1 eða nýrra.

1. Eftir að hafa valið “Set Up with Device”, aflæstu iPhone eða iPad tækinu og gakktu úr skugga um að það sé tengt við WiFi og að Bluetooth sé virkt.
2. Farðu nálægt Apple TV með tækinu þínu og bíddu þangað til að skilaboð birtast á skjánum og veldu “Continue”. Ef ekkert gerist, læstu tækinu og aflæstu því aftur og leggðu það nálægt Apple TV og hinkraðu þangað til að skilaboðin birtast á skjánum.
3. Kláraðu ferlið á iPhone eða iPad tækinu og svo á Apple TV (fylgdu þeim leiðb. sem birtast á skjánum).

b) Handvirk uppsetning

1. Eftir að hafa valið “Set Up Manually”, skaltu velja þráðlausa netið (WiFi) þitt á listanum og skrifa inn lykilorðið. □

Ef þú manst ekki lykilorðið þá er það oftast læsilegt undir routernum, oft merkt WPA eða WEP key. Ef þú ert í vandræðum með lykilorðið er best að hafa samband við internet þjónustuaðilann þinn.

2. Hinkraðu uns Apple TV tækið er orðið virkt (“Activated”) og skráðu þig inn með þínu Apple ID (einnig þekkt sem iTunes eða iCloud aðgangur). □

Ath! Sértu ekki með Apple ID aðgang þarftu að stofna hann, en það er gert í iTunes forritinu á tölvu eða á slóðinni <http://appleid.apple.com> □

(Mikilvægt er að eiga Apple ID til að geta náð í forrit inná Apple TV tækið, því þar er einnig sótt m.a. 365 Appið og RÚV Appið.)

3. Káraðu ferlið með að fylgja leiðbeiningum sem birtast á sjónvarpinu.

Að ná í forrit (Apps)

Til að ná í forrit á borð við 365, RÚV eða leiki er App Store táknið valið á skjánum og þar er hægt að leita að forritum til að ná í.



Meiri upplýsingar

Hér eru nokkrar gagnlegar slóðir á apple.com (á ensku)

- Get help with apps (<https://support.apple.com/kb/ht200072>)
- Get set up with the App Store (<https://support.apple.com/kb/ht205354>)
- Get help with your Apple TV (<https://support.apple.com/kb/ht200197>)